

BORGARRÁÐ 22. júlí 2021: Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um samvinnu við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun til að kortleggja stöðu á leigumarkaði - R21070160

Lagt er til að Félagsbústaðir í samvinnu við Reykjavíkurborg leiti til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um að kortleggja hvað leigjendur eru að greiða hátt hlutfall af tekjum sínum í leigu. Leitað verði til Blokkarinnar, félag leigjenda hjá Félagsbústöðum við úrvinnslu tillögunnar. Hér er minnt á að talið er eðlilegt að leiga fari ekki yfir 25% af ráðstöfunartekjum en fjölmargir leigjendur greiða miklu hærra verð en það og nauðsynlegt að Félagsbústaðir séu meðvitaðir um það verð sem leigjendur þeirra eru að greiða af sínum ráðstöfunartekjum þar sem um tekjulágt fólk er að ræða.